

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis
c/o nefndasvið Alþingis
nefndasvid@althingi.is

Reykjavík, 5. maí 2017

Umsögn Öldu – félags um sjálfbærni og lýðræði, um frumvarp til laga um breytingu á lögum um kosningar til sveitarstjórna, nr. 5/1998, með síðari breytingum (kosningarréttur erlendra ríkisborgara).

Í núverandi mynd er í frumvarpinu lögð til áframhaldandi alvarleg mismunun meðal hópa útlendinga, lögbundin ójöfn tækifæri norræns fólks og EES-borgara annars vegar, og annarra erlendra ríkisborgara hins vegar. Slíkt er ólýðræðislegt og gengur þvert gegn banni við mismunun á grundvelli þjóðernis og uppruna, og jafnræðisreglu skráða í stjórnarskrá, stjórnáskilum og mannréttindasáttmála – reglu sem nauðsynlega liggur til grundvallar raunverulegs lýðræðis.

Alda – félag um sjálfbærni og lýðræði, leggur áherslu á að allir þátttakendur samfélags hafi jafn mikið um málefni samfélagsins að segja. Í núverandi kerfi er kosningarétturinn eitt mikilvægasta verkfærið sem almenningur hefur á snærum sínum til þess að hafa áhrif og láta gott af sér leiða. Erlendum íbúum skyldi, öllum sem einum, óháð þjóðerni og uppruna, veitt tækifæri til þess að taka þátt í samfélaginu með sama hætti og hljóta kosningarétt til sveitarstjórnarkosninga við flutning í sveitarfélag, líkt og á við um Íslendinga nú þegar.

Virðingarfyllst,

Alda – félag um sjálfbærni og lýðræði.